

B 318/Præsident**Afgreiðsla** Forsætisnefnd

Nefndarálit forsætisnefndar um

**Ráðherranefndartillögu um
Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2018**

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að heilbrigðismál fylgdarlausra barna á flóttu – einkum geðheilsa verði tekin með í fjárhagsáætlun;

að ráðstafa allt að 500.000 dönskum krónum í bakgrunnsrannsókn á norrænum aðgerðum varðandi alþjóðlegt friðar- og sáttastarf, þar á meðal framlag til að auka þátttöku og áhrif kvenna í störfum sem tengjast friðar- og öryggismálum;

að ráðstafa fjármagni í kortlagningu á því hvernig norrænu ríkisreknu útvarps- og sjónvarpsrásirnar geti orðið aðgengilegar á öllum Norðurlöndunum, þar á meðal að skoða lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum;

að ráðstafa fjármagni í ítarlega úttekt á norrænu starfi varðandi hættu við siglingar og umhverfisöryggi í siglingum á norðurslóðum;

að Norðurlandaráð fái til afgreiðslu með hraði ráðherranefndartillögu um langtímafjármögnun samstarfsstofnananna fimm í menntamálum. Áður en tillagan verður endanlega afgreidd vill Norðurlandaráð þó halda fast við að fjármögnun Norrænu Samastofnunarinnar (NSI) verði á sama róli og árið 2017.

Aðdragandi

Fjárhagsáætlunarferlið um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2018 hófst á fundi forsætisnefndar með norrænu samstarfsráðherrunum 2. nóvember 2016 á 68. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn. Á þeim fundi var rætt almennt um fjárhagsáætlunina.

Forsætisnefndin fundaði síðar með formönnum nefnda Norðurlandaráðs 29. nóvember 2016 í Keflavík. Þar var rætt almennt um áherslur ráðsins varðandi fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar.



Enn síðar fundaði forsætisnefndin með Frank Bakke-Jensen, samstarfsráðherra Noregs, þann 24. janúar 2017 í Ósló þar sem rætt var almennt um hugmyndir Norðurlandaráðs varðandi fjárhagsáætlunina.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina funduðu í Stokkhólmi 4. apríl 2017 þar sem þeir ræddu leiðbeiningar um gerð fjárhagsáætlunar 2018 sem norrænu samstarfsráðherrarnir höfðu samþykkt 9. febrúar.

Þann 7. júní 2017 lagði framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar fram tillögu að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar 2018.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlun funduðu með Frank Bakke-Jensen, samstarfsráðherra Noregs, þann 20. júní 2017 á Gardemoen. Fyrir fundinn höfðu talsmennirnir um fjárhagsáætlunina haldið eigin fund til að ræða tillöguna að fjárhagsáætlun.

Fagnefndir Norðurlandaráðs höfðu frest til 3. júlí 2017 til þess að senda tillögur að breytingum til forsætisnefndarinnar. Forsætisnefndin áframsendi breytingatillögurnar ásamt breytingatillögu frá landsdeild Danmerkur til flokkahópanna svo þeir ættu tök á, ef þeir teldu það tímabært, að bera tillögurnar upp í áframhaldandi starfi á næsta fundi hjá talsmönnum um fjárhagsáætlun.

Eftir sumarfundina sendu flokkahóparnir tillögur að breytingum á fjárhagsáætluninni áður en frestur rann út 21. ágúst 2017.

Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlun komu saman 5. september í Kaupmannahöfn til þess að ákveða hvaða breytingatillögur flokkahópanna talsmennirnir ættu að leggja til við forsætisnefnd í nefndaráliti sínu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2018.

Forsætisnefndin samþykkti á fundi sínum 20. september í Reykjavík forgangssvið varðandi tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar.

Loks fundaði forseti Norðurlandaráðs með norska samstarfsráðherranum og formanni samstarfsráðherranna (MR-SAM) á Gardemoen 11. október til þess að semja um forgangssvið Norðurlandaráðs varðandi tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2018. Málamiðlunartexti var samþykktur af báðum aðilum á staðnum.

Á fundinum 11. október voru einnig ræddar grundvallarreglurnar varðandi fjármögnun í framtíðinni á upplýsingaskrifstofunum á landamærasvæðum sem og norrænu húsunum.

Umsagnir

Fjárhagsáætlunartillaga ráðherranefndarinnar var til umsagnar hjá flokkahópum og fagnefndum Norðurlandaráðs. Á grundvelli þeirra breytingatillagna sem borist höfðu



lögðu talsmenn flokkahópanna áherslu á tillögur sem rætt hafði verið um í samningaviðræðum við ráðherranefndina.

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefnd er kunnugt um að tekið hefur verið tillit til þeirra sviða fjárhagsáætlunar sem forsætisnefndin lagði áherslu á í almennum tillögum sínum að fjárhagsáætlun á fundi með samstarfsráðherra Noregs 24. janúar. Þessi svið fjárhagsáætlunar voru:

- Skýrsla um rannsóknastefnu
- Sýklalyfjaónæmi/One Health
- Líforka
- Aðlögun
- Stjórnsýsluhindranir

Jafnframt er forsætisnefnd kunnugt um að niðurstaða samningaviðræðnanna við Norrænu ráðherranefndina 11. október og breytingatillögurnar fimm sem lagðar eru til í nefndarálitinu eru í samræmi við þau áherslusvið sem talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina lögðu áherslu á við afgreiðslu sína á fjárhagsáætluninni.

Forsætisnefndin lýsir yfir ánægju sinni með fjárhagsáætlunarferlið. Það ferli sem komið hefur verið á fót á undanförunum árum hefur að mati forsætisnefndar stuðlað að skilvirkari afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar. Forsætisnefndin vill af því tilefni þakka Norrænu ráðherranefndinni fyrir gott samráð á fundunum um fjárhagsáætlunina.

Helsinki, 31. október 2017

Bertel Haarder (V)
Britt Lundberg (ÅC)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Hans Wallmark (M)
Henrik Dam Kristensen (S)
Juho Eerola (saf)

Maarit Feldt-Ranta (sd)
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Phia Andersson (S)
Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)
Staffan Danielsson (C)
Susanna Koski (saml)